

Sp.

407. Tillaga til þingsályktunar

um aukning virkjunar við Laxárfossa og að gera fossana laxgenga.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja nú þegar á næsta sumri undirbúning að stækkun raforkuvirkjunar við Laxá í Þingeyjarsýslu og hraða síðan framkvæmd verksins, svo að sú virkjun verði nægilega aflmikil til að bæta um næstu 20 ára bil úr raforkuþörf þeirra héraða, kaupstaða og kauptúna á Norðurlandi, sem standa bezt að vígi með að fá raforku frá Laxárfossam. Jafnframt er skorað á ríkisstjórnina að gera Laxárfossa laxgenga, um leið og virkjunin er framkvæmd.

Greinargerð.

Þar sem Alþingi stefnir nú að því að auka, svo sem með þarf, þær tvær virkjanir, sem öflugastar og bestar geta orðið hér á landi, við Sogið og Laxá í Þingeyjarsýslu, er einsýnt, að ekki verður hjá því komizt að stórauka virkjunina við Laxá á næstu missirum. Liggur nú opið fyrir að leiða raforku frá þessari stöð um nálega alla Þingeyjarsýslu, allan Eyjafjörð, allan Skagafjörð og að líkindum mikinn hluta Austur-Húnavatnssýslu. Mun Skagaströnd tæplega geta fengið nægilega raforku á auðveldari hátt en frá Laxá. Er nú sá skriður að komast á raforkumál byggðanna, að þar mun varla staðar numið, fyrr en raforka er komin svo að segja á hvert heimili.

Laxárfossar loka laxgengd í ánni, þannig að ofan við virkjunina er ca. 25 km kafli í ánni laxlaus. Hins vegar mun Laxá vera álitlegasta laxveiðivatn í allri Norður-álfu. Þykir eðlilegast, að það mál verði leyst um leið og virkjunin er framkvæmd.